

16

12. marz Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 50 1943, um Kennaraskóla Íslands, lög nr. 12 1942, um Íþróttakennaraskóla Íslands, svo og önnur ákvæði, er koma í bág við þau.

56. gr.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

17

12. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 69 7. sept. 1943, um breyting á lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu ríkisins á tóbaki.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað „150“ í 2. mgr. 1. gr. laganna komi: 250.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.

18

12. marz

L Ö G

um breyting á lögum nr. 103 30. des. 1943, um lífeyrissjóð hjúkrunarkvenna.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

12. gr. laganna orðist svo:

Fyrst um sinn greiða sjóðfélagar og launagreiðendur hvorir um sig iðgjald til sjóðsins, er nemur 4% af heildarárslaunum sjóðfélagsans, þar með talið fæði og húsnæði, ef það fylgir stöðunni.

Ber launagreiðanda að halda eftir iðgjaldahluta sjóðfélaga af launum hans og standa lífeyrissjóðnum skil á báðum iðgjaldahlutum.

Vanræki launagreiðandi að halda eftir iðgjaldi sjóðfélaga, er hann þrátt fyrir það ábyrgur fyrir öllu iðgjaldinu gagnvart lífeyrissjóðnum.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

18

12. marz

*Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Stefán Jóh. Stefánsson.***L Ö G**

19

um tekjuskattsviðauka árið 1947.

12. marz

FORSETI ÍSLANDS*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1947 leggja á tekjur ársins 1946 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.			
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000, greiðast 2%.			
Af	9— 10 þús. kr. greiðist	20 kr. af	9 þús. og 4 % af afgangi.
—	10— 12 — — —	60 — —	10 — — 5 % — —
—	12— 14 — — —	160 — —	12 — — 6 % — —
—	14— 17 — — —	280 — —	14 — — 7 % — —
—	17— 20 — — —	490 — —	17 — — 8 % — —
—	20— 25 — — —	730 — —	20 — — 9 % — —
—	25— 30 — — —	1180 — —	25 — — 10 % — —
—	30— 40 — — —	1680 — —	30 — — 11 % — —
—	40— 100 — — —	2780 — —	40 — — 12 % — —
—	100— 125 — — —	9980 — —	100 — — 10 % — —
—	125— 150 — — —	12480 — —	125 — — 7 % — —
—	150— 200 — — —	14230 — —	150 — — 5 % — —
—	200 — — — —	16730 — —	200 — — — —

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 12. marz 1947.***Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

Jóhann P. Jósefsson.